# Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA Júní 2023 Nr. 20



*Kristján.*



*Kári.*



*Sigurður.*



*Magnús.*



*Böðvar Ingi.*

# 95 ára Aðalfundur og Afmælishátíð Félags pípulagningameistara 2023

**Það var sól og blíða í Borgarnesi þegar tíðindamaður Fréttapíps renndi í hlað á Hóteli B-59, laugardaginn 15. apríl s.l. Framundan var 95 ára Aðalfundur og afmælishátíð Félags pípulagningameistara. Eins hefð er fyrir hjá Félaginu þá er farið út fyrir Höfuðborgina með Aðalfundinn og þá er venjan að taka langa helgi; mæta gjarnan á föstudagskvöldi og fara í bæinn seinnipart sunnudagsins.**

Klukkan 14:30 stundvíslega, steig Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður

– *Sjá framhald greinarinnar á bls. 2 & 3.*

# Vatnsvirkinn tekur við Sprinklerlagnakeflinu

**„Fyrsta verkefnið sem ég tók að mér í sprinklerlögnum, var Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli árið 1984. Þar með var fræinu sáð og ég kominn á bólakaf í þessa sérhæfingu, sprinklerlagnir,“ segir Egill Ásgrímsson, stofnandi Sprinklerpípulagna ehf. í spjalli við blaðamann Fréttapíps.**




Við, tíðindamaður Fréttapíps og Egill Ásgrímsson, ásamt – *Sjá framh. á bls. 15*

## Afmælisávörp frá fyrrum formönnum

– sjá bls. 4

## Glæsilegt Íslandsmót haldið í Höllinni

– sjá bls. 16

## Vistvænar höfuðstöðvar BYKO

– bls. 9











# 95 ára Aðalfundur og Afmælishátíð Félags pípulagningameistara 2023

– *Framhald greinar af forsíðu*...

Félags pípulagningameistara í pontu og setti Aðalfundinn, sem er 95 ára afmælisfundur FP og bauð félaga hjartanlega velkomna til fundarins og 95 ára afmælisfagnaðar sem fram fór um kvöldið.

Böðvar Ingi gerði að tillögu sinni að Kristján, viðskiptastjóri FP hjá Samtökum iðnaðarins tæki að sér fundarstjórn og var það samþykkt einróma. Kristján tók síðan við stjórn fundarins og var gengið til auglýstrar dagskrár Aðalfundar FP.

Bað Kristján, Böðvar Inga, formann FP að koma í pontu og flytja skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023.

Margt kom fram í skýrslu stjórnar (sjá stiklað á stóru í blaðinu) sem bar með sér að öflugt starf er unnið innan félagsins. Á liðnu ári gengu 9 pípulagningameistarar til liðs við FP, sem er ánægjulegt og sýnir vaxandi áhuga meistaranna á félaginu.

Alls voru haldnir 8 stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölmargra óformlegra funda vegna ýmiskonar málefna.

Gefið var út vandað Félagatal FP eins og undanfarin ár og var það Vatnsvirkinn sem sá um útgáfuna að þessu sinni. Einnig gaf FP út 3 tölublöð af Fréttapípi sem dreift er til félaga og á ýmsa aðila sem tengjast faginu.

Íslandsmót Iðn- og verkgreina fór fram 16.-18. mars í Laugardalshöll (sjá umfjöllun á bls. 16 í þessu blaði).

Þá fór Böðvar Ingi yfir þróun í kjaramálunum, sem unnið er að með SA.

Fram kom hjá Böðvari Inga að félagið flutti starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði að Stórhöfða 29, við almenna ánægju félagsmanna. Þá hefur ný heimasíða FP litið dagsins ljós og eru félagsmenn boðnir velkomnir í heimsókn á piparinn.is til að kynna sér málin.

Vék Böðvar Ingi að mannaskiptum í stjórninni og drap á ýmis mál er varða réttindi og verið er að vinna að með lögfræðingum SI.

Ný Menningar- og skemmtinefnd hefur tekið til starfa og munu félagsmenn FP njóta afraksturs þeirrar vinnu á afmælishátíðinni nú í kvöld.

Einnig ræddi Böðvar Ingi rafrænar kosningar hjá FP vegna inngöngu í Samtök iðnaðarins, þar sem samþykkt var innganga til reynslu í tvö ár.

Böðvar Ingi gat um boð frá SART til FP um þátttöku í NEPU ráðstefnunni sem haldin var 25.-26. ágúst á s.l. ári (sjá umfjöllun í Fréttapípi nr. 19 2022). Næsta NEPU ráðstefna verður í Finnlandi með þátttöku FP.

Að lokum þakkaði Bövar Ingi fráfarandi stjórn fyrir ánægjulegt samstarf.

Þessu næst steig Kári Samúelsson, gjaldkeri FP í pontu og fór yfir reikninga félagsins og lagði fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Böðvar Ingi kom aftur í pontu og fór yfir málefni styrktarsjóðs í fjarveru stjórnar sjóðsins.

Kristján viðskiptastjóri FP kom í pontu og flutti yfirgripsmikið erindi um uppbygginguna og þjónustu fyrir meistarafélögin í Meistaradeildinni.

Því næst var gengið til stjórnarkjörs (sjá bls. 17 í þessu blaði).

Eftir kaffihlé var farið í ýmsar áttir með umræðurnar og voru þær að venju fjörugar og fróðlegar. Margt bar á góma og margir tóku til máls.

Fundi var svo slitið kl. 17:00.

Fréttapíp
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

**Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara.** Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.


















Alrafmagnaður atvinnubíll
ID. BUZZ
Cargo
Hagkvæmur kostur
Hekla

DÆLUR Í FREMSTA GÆÐAFLOKKI
GRUNDFOS
TENGI
GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAÐ ER TENGI
www.tengi.is
Kópavogi 414 1000 | Akureyri 414 1050 Selfossi 4141040

# 95 ÁRA AFMÆLISKVEÐJUR FRÁ FYRRUM FORMÖNNUM FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA:

## Skarphéðinn Skarphéðinsson – 2000-2013.

Ég er kosin formaður Félags Pípulagningameistara (FP) á aðalfundi félagsins árið 2000 og gegndi ég því embætti til 2013.
Ég var skipaður varaformaður eftir aðalfundinn 1998 og gegndi ég því til 2000.
Hef ég setið í kjaranefnd frá setu minni inn í stjórn FP ásamt góðu fólki, þar til ég sagði af mér 2013. Sat ég í stjórn Meistarasambandsins Byggingarmanna (MB) sem ritari frá upphafi ásamt að vera fulltrúi félagsins í kjaranefnd MB einnig sat ég í taxtanefnd FP. Sem formaður kom ég að öllum keppnum sem FP stóð fyrir þar með talið Íslandsmót Iðngreina, Norðurlandamót ásamt Heimsmeistarakeppni þar sem ég var dómari (Expert) fyrir Íslands hönd. Tók ég að mér þjálfun þeirra keppenda sem tóku þátt í þessum keppnum fyrir hönd greinarinnar.
Eftir að hafa verið varaformaður fyrir félagið í tvö ár var ég hvattur til að taka við sem formaður.
Í minni formannstíð voru töluverðar tækninýjungar á sviði pípulagna. Þessar nýjungar fólust helst í því að það efni sem ruddist inn á markaðinn álpex rör, rör í rör kerfi og ýmist efni á sviði frárennslis. Á minni formanstíð tókum við upp nýtt kennslukerfi og nýja námsskrá sem kennt er eftir í dag. Ég var það lánssamur að fá að taka þátt í uppbyggingu þessarar námsskrá sem ég fór síðan að kenna eftir hjá Iðnskólanum í Hafnarfirði. Námsská sem notuð er við kennslu en þann dag í dag byggir á þeirri námsskrá. Hugmyndinn á þessum breytingum er að hver þáttur í fagreininni er hnitmiðari þar sem hver hluti af faginu t.d. hitalagnir, neysluvatnslagnir aðrir verkþættir innan fagsins er kenndir sér en með tengingu þar sem það á við á milli áfanga.
Þar sem við vorum búnir nokkrum árum áður að gera félagið að landsfélagi sá ég það fyrir mér að sameina alla Pípulagningameistara í eitt félag. Sá árangur var verulegur þar sem við fengum inn félagsmenn frá norðurlandi, suðurlandi, austurlandi og Suðurnesjum og sé ég það í dag að aukningin heldur áfram. Það voru ánægðustu tímarnir í formannstíð minni.
Mestu vonbrigði í minni formannstíð var að horfa upp á það hvað margir félagsmenn okkar fóru illa út úr hruninu. Félagsmenn urðu fyrir miklu tjóni bæði fjárhagslega og hvað verkefnin stoppuðu skyndilega sem gerði það að verkum að þeir sögðu upp fjölda starfsmanna og áttu háar upphæðir útistandandi hjá viðskiptamönnum sínum og fengust sumar útistandandi skuldir aldrei borgaðar.
Stjórn félagsins þarf að standa vörð um réttindi greinarinnar. Það var vegið harkalega að löggildingunni í minni formannstíð en með samstöðu og töluverði hörku var bakkað með það. Rökstuðningurinn var okkar megin og ráðherrar sáu það. Sá félagsskapur sem vógu harðast að pípulagningargreininni þá og erum við því miður í samstarfi við þá í dag.
19 maí 1928 var Félag Pípulagningmeistara stofnað og helsti hvatamaður þess var Þorkell Clements sem var fyrsti formaður og með honum í stjórn voru Valdimar Kr. Árnason ritari og Sigurður Guðmundsson gjaldkeri.
Á þessum tímamótum óska ég félagsmönnum innilega til hamingju með 95 ára afmælið. Framtíðin er björt með okkur sjálfum og okkar samstöðu.

## Guðmundur Páll Ólafson – 2013-2018.

Ég kom í stjórn félagsins 2012 og þá beint í skemmtinefnd sem ég var í þar til ég varð formaður. 2013 var ég kosinn í stjórn og þá fyrst sem ritari. 2014 var ég gerður að varaformanni sem leiddi til þess að á miðju tímabili þá hætti þáverandi formaður og ég tók við.
Litlar framfarir þannig séð verklega í okkar fagi en þarna eru fleiri fyrirtæki sem starfa við fóðringar á skólplögnum að ryðja sér til rúms og ákveðin umræða varð um kosti þeirra og ákosti. En gæðakerfið var tekið upp á mínum formannstíma sem ég tel hafa verið mikil og þörf á og til hagsbót fyrir greinina.
Mest um vert að styrkja félagið og fjölga félagsmönnum. Vildi líka opna dyrnar að SI og leyfa félagsmönnum að fræðast um samtökin og kanna hug á frekara samstarfi.
Mestu vonbrigðin fannst mér að þurfa að slást við sömu hagsmunaaðila og allir formenn urðu að gera á undan. Það er að segja, að gæta meistararéttinda okkar.
Mörg góð að baki, en 95 ára afmæli félagsins var gríðarlega ánægjulegt.

## Böþvar Ingi Guðbjartsson – 2000- .

Var kosinn formaður 2020 (í miðju covid) og var endurkjörinn fyrir 2023-2024. Formaður þarf alltaf að endurnýja sitt umboð á hverju ári þannig að gott er að horfa alltaf ár fram í tímann. Var í stjórn FP frá 2013 – 2017 og var ritari og varaformaður. Tók einnig að mér að halda utan um Íslandsmót iðn- og verkgreina ásamt því að fara með keppanda á EuroSkills í Svíþjóð 2016 ásamt því að koma að og sinna hinum ýmsu störfum fyrir FP.
Tæknin er stöðugt að ryðja sér til rúms og reglun kerfa farin að styðjast meira við tölvustýringar. Píparar verða að vera duglegir að kynna sér nýjungar í þessari þróun. Framtíðar neytandinn vill fá nánast allt í “símann” og stýra pípulögnum þaðan, láta renna í heita pottinn, hækka og lækka í hitanum, fylgjast með eyðslunni og fá boð í símann ef leki gerir vart við sig. Við auglýsum eftir tölvuvæddum pípurum!
Starf formanns snýst um að þjóna félagsmönnum og miðla til þeirra þeim breytingum sem eru að eiga sér stað er snýr að kröfum til okkar. Lög er sett um hin ýmsu mál á Alþingi sem rata síðan í hvert ráðuneyti fyrir sig. Ráðuneytin styðjast við stofnanir sem eiga að útfæra og miðla til okkar þeim breytingum sem hafa átt sér stað. Þarna finnst mér oft keðjan slitna og boðin berast seint og illa til okkar. Kannski má rekja þá skýringu að við höfum verið fyrir utan SI sem hefur fengið boðin til sín og útfært fyrir sína félagsmenn. Í dag erum við í SI og fáum stöðugt fréttir um það sem er í vændum og getum undirbúið okkur betur og miðlað í tíma til félagsmanna FP þeim breytingum sem eru að eiga sér stað og má þar helst nefna vistvænan byggingariðnað og að passa upp á kolefnissporið. FP aðstoðaði félagsmenn sína við undirbúning varðandi virkniskoðun á gæðakerfinu sem iðnmeistarar verða að hafa til að geta tekið að sér úttektarskyld verkefni.
Í október 2021 fór FP í stefnumótun og þar fékk stjórn FP upplýsingar um framtíðarhorfur félagsmanna og stefnumótun félagsmanna FP eru þær framtíðarhorfur sem formaður vinnur eftir. SAMSTAÐA – HAGSMUNIR – SÝNILEIKI.
Mestu vonbrigðin? Ég verð alltaf fyrir vonbrigðum þegar kvartað er undan félagsmanni. Sem betur fer eru félagsmenn viljugir að leysa ágreining við sína viðskiptavini og þá hefur formaður reynt að koma á sáttum milli aðila. Mestu vonbrigðin eru þegar félagsmaður getur ekki brotið odd af oflæti sínu og leyst málin af kostgæfni. Sem betur fer er ekki mikið um að kvartað sé en það koma kannski 1-2 á ári sem er svo sem ekki mikið miðað við fjölda félagsmanna.
Stærstu vonbrigðin var skýrsla OECD og viðhorf þeirra til iðnmenntunar. Það er svo sem búið að sýna fram á marga vankanta skýrlsu OECD en umrædd skýrsla hangir ennþá yfir okkur og má þar nefna strýðið gegn löggildingu iðngreina. Það að iðngreinar séu lögverndaðar tryggir gæði til neytenda.
Ég verð alltaf glaður þegar félagsmenn leysa ágreining við viðskiptavini og gaman að fá viðbrögð frá neytendum sem fagna því að hafa verslað við félagsmann FP. Neytendur finna til öryggis þar sem sterkt félag kemur að málum.
Ánægjulegasta augnablikið var að fylgjast með samstöðunni hjá fagfélögum þegar umræðan um að afnema löggildingu bar á góma.
Mitt mat er að allir löggiltir pípulagningameistarar eiga að vera í Félagi pípulagningameistara. Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal pípulagningameistara, stuðla að menningu og menntun stéttarinnar og gæta hagsmuna félagsmanna. Verðum að vera duglegir að minna á okkur og fá sem flesta inn í félagið. Við getum alveg treyst því að það mun enginn berjast fyrir okkar réttindum nema við sjálfir. Að því sögðu eiga þeir sem eru fyrir utan fagfélagsins að koma með okkur í þá baráttu.
Félag pípulagningameistara varð 95 ára núna í ár. Eftir 5 ár verður FP 100 ára, árið 2028. Komin er upp sú hugmynd að félagið láti gefa út bók um okkar merka félag. Persónulega finnst mér félagið eiga það inni hjá okkur að saga þess verði skráð. Við erum heppnir að innan okkar raða eru ennþá heldri menn sem þekkja vel söguna og þróun félagsins í gegnum árin en því miður eru margir farnir á fund forferða sinna.
Samhliða Sögu- og minjanefnd FP verður stofnuð ritnefnd til að koma að bók um sögu okkar félags og ásamt því að fara yfir alla þá muni sem félagið á, skoða, skrá og meta hvað geri eigi við allar myndirnar og gjafirnar sem félaginu hafa borist í gegnum áratugina.
Að lokum vil ég þakka félagsmönnum FP fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt að fá að vera í forsvari fyrir FP.

# Veitur vinna að hreinsun á Nesjavallaæð

**Við rákumst á frétt á vef Veitna með upplýsingar um hreinsun Nesjavallaæðar, sem stendur yfir núna í júnímánuði. Fréttin fer hér:**

Nesjavallaæð verður hreinsuð í júní, en hún var síðast hreinsuð árið 2003 og tímabært að gera það aftur. Lögð er áhersla á að tryggja öryggi. Nesjavallaleið verður lokað á meðan hreinsunarvinnan stendur yfir. Veitur munu hreinsa Nesjavallaæð að innan til að bæta flutningsgetu hennar til muna. Hreinsunin er nauðsynleg til að minnka þrýstifall og mun standa yfir frá 30. maí til 30. júní. Á meðan á framkvæmdum stendur þarf að loka lögninni og verður heitavatnslaust í Dallandi, Miðdal og Lynghólsveitu á tímabilinu. Að öðru leyti mun aðgerðin ekki hafa nein áhrif á heitt vatn til íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

**Af hverju þarf að hreinsa**? Nesjavallaæð er afar mikilvæg en hún er ein af megin flutningsleiðunum á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu. Lögnin var síðast hreinsuð árið 2003 og nú er orðið tímabært að hreinsa hana aftur þar sem steinefni úr vatninu hafa fallið á pípuna. Slíkar útfellingar gera það að verkum að þrýstifall eykst sem skerðir flutningsgetu. Hreinsibúnaður er settur inn í lögnina, eins konar skrúbbur, sem hreinsar pípuveggina. Nesjavallaæð er um 30 km löng hitaveitulögn sem flytur um 85 gráðu heitt vatn frá virkjun á Nesjavöllum til höfuðborgarsvæðisins. Hún var tekin í notkun árið 1990 og flutningsgeta hennar er liðlega 1.700 lítrar á sekúndu. Óhreinu vatni hleypt á yfirborðið: Hleypa þarf um 60°C heitu óhreinu vatni út á yfirborðið við stýrishús hitaveitu við Mjódalsveg á Reynisvatnsheiði, til að koma í veg fyrir að óhreinindin dreifist út í kerfið og jafnvel heim til fólks. Vegfarendur munu sjá áhrifin á svæðinu; gróðurinn mun verða fyrir skemmdum af völdum hitans. Þetta er gert í fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og skrifstofu umhverfisgæða Reykjavíkurborgar. Veitur munu ganga eins vel frá öllu yfirborði og mögulegt er þegar hreinsun er lokið. Skemmdir á umhverfinu verða ekki varanlegar. Búast má við að vatn geti borist á um 32.000 $fm^2$ svæði en þó er vonast eftir því að nálægar sprungur í bergi taki við mestu af vatninu sem mun þá minnka umfang vatns á yfirborði.

**Öryggi tryggt:** Til að tryggja öryggi vegfaranda og starfsfólks verður Nesjavallaleið lokuð við Selás á meðan hreinsunarvinnan stendur yfir, auk þess verður reiðstígum norðan við Mjódalsveg lokað. Svæðið verður vel merkt og varað við hættunni sem skapast vegna hitans á vatninu sem hleypt er út á yfirborðið.









HRINGRÁS ENDURVINNSLA

## Verðmæti í góðmálmum og brotajárni

**Nánar á www.hringras.is/verdskra**

**Verðskrá – Verð pr kg. án VSK/Price per kg. excl. VAT:**

| | |
|---|---|
| Ál (+ Álfelgur)/ Aluminum | 80 kr. |
| Ál -steypa o <= 2% járn / Aluminum cast | 50 kr. |
| Ál svarf | 40 kr. |
| Ál-kaplar / Aluminum cables | 15 kr. |
| Prent-ál / Aluminum litho | 125 kr. |
| Brotajárn flokkur #1-2 / Scrap metals 1st – 2nd grade | 15 kr. |
| Brotajárn flokkur #3 (T.d. Spilliefnalaus bílflök) / Scrap metals 3rd grade | 12 kr. |
| Blý / Lead | 115 kr. |
| Vatnskassa / Elements | 30 kr. |
| Hjólbarðar / Tires (5 kr. ef við sækjum) | 8 kr. |
| Kaplar / Cables | 70 kr. |
| Hreinn kopar (Millberry) / Millberry copper | 555 kr. |
| Kopar, eir / Copper | 505 kr. |
| Látun, messing, brons / Brass | 355 kr. |
| Rafgeymar / Car batteries | 10 kr. |
| Rafmótorar / Electric motors | 55 kr. |
| Ryðfrítt stál / Stainless steel | 115 kr. |
| Ryðfrítt svarf | 40 kr. |
| Zink / Zinc | 80 kr. |

Hvarfakútar verð pr stk. / Catalytic converters – Allt að 10.000 kr., en hver kútur er metinn á staðnum – Gerum tilboð ef magn er verulegt.

**SKILMÁLAR OG LEIÐBEININGAR:**
Leitið magntilboða. Seek offers for large quantities.
*Verð greitt fyrir efni sem er komið í port Hringrásar.
*Prices for materials delivered at our facilities.
Greitt fyrir dekk/brotajárn 100 kg. eða meira.
Payments for tires/scrap metals 100 kg. or more.

Umhverfisvænn
**frostlögur**
fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

FERNOX LÆTUR VATNIÐ VINNA

Hringás

Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is





# Stólpi Gámar með lausnina – Reisa litríka Ævintýraborg í Vogabyggð

Starfsmenn Stólpa Gáma hafa lokið við að reisa og ganga frá Ævintýraborg, færanlegan Leikskóla í Naustavogi 13, 104 Reykjavík.

Á liðnum misserum hefur Reykjavíkurborg reist nokkrar Ævintýraborgir með það fyrir augum að stytta biðlista og svara vaxandi þörf fyrir leikskólapláss og þá einkum í nýrri hverfum borgarinnar.

Að sögn forráðamanna Stólpa Gáma eru fleiri sambærileg verkefni í pípunum og verður fjallað um þau þegar þar að kemur.

Ævintýraborg í Vogabyggð er nýr sex deilda leikskóli sem rúmar 100 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn er við Snarfarahöfnina.

Gildi Ævintýraborgar eru virðing, jákvæðni og gleði. Ævintýraborgin Vogabyggð var opnuð rétt áramótin og er hugmyndafræðin og stefnan því enn í mótun. Markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á sköpun og hreyfingu. Einnig er ætlunin að nýta nærumhverfið vel þar sem leikskólinn er vel staðsettur með höfnina í bakgarðinum og stutt í fjölbreytta náttúru og Elliðaárdalinn.

Leikskólar Reykjavíkurborgar vinna eftir aðalnámsskrá leikskóla með Menntastefnu Reykjavíkurborgar til hliðsjónar. Þar er lögð áhersla á að hvetja barnið til uppgötvunar og leiks og gera það að virkum þátttakanda í lýðræðissamfélagi. Leikskólastjóri er Ragna Kristín Gunnarsdóttir.



# Hugað að húsnæði fyrir nýja pípudeild Borgarholtsskóla

Borgarholtskóli hóf kennslu í pípulögnum á þessari vorönn. Það kom strax í ljós að þörfin var mikil. Umsóknir fyrir þessa vorönn voru 75 nemendur en einungis var hægt að taka við 40 nemum. Þegar rætt var við undirritaðan um að koma að uppbyggingu þessarar nýju deildar sá ég strax að það var mikill metnaður hjá stjórnendum skólans, með Ársæl Guðmundsson skólameistara í farabroddi. Verknámsaðstaða var fábrotin og var verkleg kennsla í ca. 70 $m^2$ á þessari vorönn.
Farið var strax í það athuga með húsnæði fyrir þessa nýju deild. Fyrst stóð til að setja upp við skólann kennslugáma eins og sést víða við aðra skóla. Skólayfirvöld sáu strax að það myndi ekki ganga upp miðað við allar þær umsóknir sem komu inn fyrir vorönnina.
Í samstarfi við Framkvæmdarsýslu ríkisins hefur verið unnið að því að fara í þarfagreiningu. Komin er mynd á þá vinnu og verður farið í að auglýsa eftir húsnæði fyrir deildina. Nokkrir þættir hafa áhrif á val húsnæðisins. Húsnæðið verður að vera sem næst Borgarholtsskóla, hafa tvær kennslustofur til kennslu í bóklegum pípulögnum og þrjá kennslusali til verklegrar kennslu ásamt útiaðstöðu. Til að uppfylla þessi skilyrði verður húsnæðið að vera um 400 $m^2$ að stærð og teljum við að búið sé að finna húsnæði sem uppfyllir þessi skilyrði.
Það hefur verið unnið að fjölgun kennara til að takast á við þann fjölda sem gert er ráð fyrir að verði næsta vetur, og munum við sjá kennara framtíðar í pípulögnum á komandi árum við kennslu í Borgarholtsskóla.
Í vetur hefur skólinn fjárfest í ýmsum nýjum tækjum til kennslu í verklegum pípulögnum, snittvélum, speglasuðuvélum og öðrum rafmagnsvélum og stefnt er að því að deildin verði vel tækjum búin.
Borgarholtsskóli stefnir á að halda úti fullri kennslu í öllum faglegum áföngum á komandi vetri. Skólinn mun leggja mikla áherslu að vinna náið með Pípulagningameisturum og þeirra nemum.
Hvet ég alla sem hafa hug á námi í pípulögnum að sækja um fyrir næstu önn þar sem verður boðið upp á góða aðstöðu bæði til bóklegrar og verklegrar kennslu.
Ég vil enda þetta á að óska félegum mínum í Félagi Pípulagningameistara til hamingju með 95 ára afmælið 19. maí.

***Skarphéðinn Skarphéðinsson***
***Deildarstjóri Pípulagnadeildar***
***Borgarholtsskól**a.*






# Sæplast á Dalvík lokar endurnýtingarhringnum



**Polyethelene ker á bryggjunni á Dalvík. PE kerin sækja stöðugt á og eru nú orðin meirihluti keraframleiðslu Sæplasts hf. Notendur horfa ekki síst til þess að hægt er að endurvinna kerin og nota hráefnið í framleiðslu á nýjum PE kerum. Þeim endurnýtingarhring er Sæplast nú að loka með því að steypa fyrstu kerin þar sem endurvinnslu-efnið er notað.**




**Sæplast hefur notað endurunnið efni í framleiðslu sinni um nokkurra ára skeið. Fyrst var um malaðan afskurð að ræða, sem féll til við samsetningu byggingavara, en síðar einnig efni sem unnið hefur verið úr notuðum kerum. Endurunnið efni hefur þannig nýst í um áratug í framleiðslu tiltekinna byggingavara sem ekki þurfa að standast ströngustu álagskröfur og nú síðast liðið ár í framleiðslu nokkurra kerjategunda.**

Gömul ker sem þjónað hafa eigendum sínum dyggilega í áraraðir hafa þannig fengið hlutdeild í framleiðslu bæði nýrra kerja og byggingavara. Bætt tækni við endurnýtingu á PE-plasti er vægi endurunnis hráefnis stöðugt að aukast í framleiðslu Sæplast, án þess að það komi niður á gæðum vörunnar.

**Hráefni úr endurunnum kerum í fyrsta sinn notað í framleiðslu á nýjum**
Þegar Sæplast hóf framleiðslu á polyethelene kerum fyrir 20 árum var horft til þess að þau yrðu endurvinnanleg að líftímanum loknum. Það var einn af stóru kostunum þessarar vöru, auk styrks keranna, langs líftíma og fleiri atriða. Umhverfisvitundin var því strax á þeim tíma ríkur þáttur í þróun keranna. Þess vegna er ánægjulegt að Sæplast sé nú komið að þeim tímapunkti að sjá hráefni úr notuðum polyethelene kerum nýtt í framleiðslu fyrirtækisins á nýjum kerum ásamt byggingavörum. Plastker Sæplasts eru því með þessu í orðsins fyllstu merkingu að ganga í endurnýjun lífdaga og fyrstu ker þessarar gerðar fara í notkun hjá dótturfyrirtæki Sæplast, leigufyrirtækinu iTUB.

**Gott dæmi um hringrásarhagkerfið**
Með framleiðslu PE keranna er verið að fylgja markmiðum hringrásarhagkerfisins; framleiða gríðarlega sterka vöru með langan líftíma Það er hægt að gera við kerin svo þau endist lengur. Kerin eru endurvinnanleg og síðast en ekki síst þá er notast við deilihagkerfi í gegnum leigufyrirtæki Sæplasts, iTUB, en einmitt nú er verið að framleiða fyrstu kerin úr endurvinnsluefninu fyrir iTUB. Þetta er til marks um mikla samfélags- og umhverfislega vitund forráðamanna Sæplasts sem framleiðanda á vörum úr plasti. Umræðan um plast og plastframleiðslu er á köflum alltof neikvæð. Í því sambandi má benda á að Sæplast er eitt af fáum ef ekki það eina af hverfisteypufyrirtækjum í heiminum sem notar rafmagn til að knýja hverfisteypuofna. Sæplast er með langstærsta hverfisteypuofn í heimi, knúinn með raforku og er auk þess með annan slíkan í pöntun sem kemur í notkun í haust.

**Endurnýtingarhringum lokað**
Undirbúningur þessa áfanga sem Sæplast er nú að ná hefur staðið yfir um nokkurra ára skeið. Fyrirtækið hefur, ásamt samstarfsaðilum erlendis, þróað ferli sem gömul ker fara í en þau eru tætt niður og efni þeirra síðan meðhöndlað á ákveðinn hátt svo úr verði hráefni sem hægt er að nýta á nýjan leik í verksmiðjunni á Dalvík.
Fyrsta skrefið er að geta nýtt þetta efni til íblöndunar í fylliefni kerjanna og endurunnið ker með þeim hætti. Þar með er búið að loka þessum endurnýtingarhring á vörunni. Markmiðið í framtíðinni er að verði hægt að steypa PE ker alfarið úr endurvinnsluefni. Til þess þarf samt lengra þróunarferli en þetta er möguleiki í framtíðinni. Sæplast, ásamt viðskiptavinum, eru áhugasamir um að sýna samfélagslega ábyrgð og ná sem lengst í endurvinnslu og endurnýtingu með gæði, endingu og áreiðanleika umbúðanna í fyrirrúmi. Það er markmið Sæplasts.

STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ PALLALEIGA

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is



# ID. Buzz Cargo frá Volkswagen – Nýjasti vinnufélaginn frá Heklu

**Hvaða kröfur gerir meistarinn til nýja vinnufélagans? Rafdrif, nægilegt hleðslurými, löng rafdrægni. Með ID. Buzz Cargo bjóðum við upp á nákvæmlega þetta.**

Og hann er að auki útbúinn öllum nýjustu tengimöguleikunum og stafrænu eiginleikunum. Og þú munt endurskilgreina aksturinn í þínu starfi.

## Nokkrir fjölmargra eiginleika:

- **Hleðslupláss fyrir tvö Euro-bretti**
- **Hámarksþyngd tengivagns 1.000 kg**
- **Afskaplega rúmgott innanrými**
- **OTA-uppfærslur í gegnum We Connect**

Til að tryggja raunverulega sjálfbæran akstur hefur allur líftími bílsins verið tekinn með í reikninginn og losun CO2 minnkuð á öllum stigum.
Með ID. Buzz og ID. Cargo förum við lengra en nokkru sinni fyrr – ID. Buzz er nú þegar kolefnishlutlaus við afhendingu til viðskiptavinar og einnig er hægt að stinga honum í samband við veggbox, t.d. ID. Charger og hlaða með grænni raforku.
Með þessu umbreytir þú þínum akstri og hann verður sjálfbærari, ódýrari og sveigjanlegri. Það er af því þú þarft ekki að fylla á bílinn með bensíni.
Skiptu yfir í rafakstur núna, með framsæknum og nettengdum ID. Buzz og ID. Buzz Cargo.

# BYKO byggir umhverfisvottaðar höfuðstöðvar

**Þessa mánuðina er verið að byggja nýtt skrifstofu- og verslunarhúsnæði BYKO í Breiddinni. Í nýja húsinu mun einnig öll skrifstofustarfsemi Norvíkur, Smáragarðs og BYKO verða sameinuð undir einu þaki.**

Húsið verður fimm hæðir, byggt úr límtré og CLT timbureiningum frá BYKO og framkvæmdin er samkvæmt BREEAM stöðlum um sjálfbærni og vistvæna hönnun.
Nýbyggingin verður rúmlega 2 þúsund fermetrar að stærð. Fasteignafélagið Smáragarður sér um framkvæmdina en Tendra arkitektúr og verkfræðistofan VSB sjá um hönnun. Verklok áætluð á sumarmánuðum 2023.
„BYKO hefur verið með höfuðstöðvar í óbreyttri mynd á Skemmuveginum frá 1988, en hins vegar athafnasvæði frá 1980, og þetta er þessvegna stór áfangi í sögu fyrirtækisins. Að byggja höfuðstöðvarnar samkvæmt BREEAM mun styrkja okkur enn frekar í þeirri vegferð sem við erum á þegar kemur að vistvottunarkerfum og vistvænum valkostum," segir Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO aðspurður á þessum tímamótum BYKO.





***Að ofan t.v.: Tölvugerð nyndin sýnir útlit nýrra vistvænna höfuðstöðva BYKO. Myndin til hægri er tekin nýlega og sýnir vistvænar höfuðstöðvar BYKO í byggingu.***

IÐAN fræðslusetur

**ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ**

## Áhættugreiningar í bygginga- og mannvirkjagerð – Staðnám

Byggingamenn – Ætlað starfsmönnum fyrirtækja í byggingariðnaði sem gera áhættugreiningar fyrir störf innan fyrirtækisins. Markmið er að gera þátttakendur færa um gerð nýrra áhættugreininga fyrir störf í bygginga- og mannvirkjagerð á byggingarstað eða annars staðar. Farið yfir kröfur til fyrirtækja um gerð áhættugreininga og verkferla. Þátttakendur fá form til að gera áhættugreiningar og koma út með fullbúnar áhættugreiningar sem nýtast við rekstur öryggismála við verklegar framkvæmdir.

**Miðvikudagur 27. september 2023 Kl. 13:00-17:00.**
**Lengd 4 klst. Námsmat: 80% mæting.**
**Kennari: Eyjolfur Bjarnason, byggingat.fr.**
**Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, idan.is.**





**Tengigrindur** af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **lokuð hitakerfi** híbýla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, **gólfhita**, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

ENGINEERING TOMORROW

Danfoss

| | | |
|---|---|---|
| Villi pípari ehf<br>GSM: 8240434<br>Örvasölum 24 - 201 Kópavogi - villi@villipipari.is | JOHNNY PÍPARI<br>Mávanesi 13 - 210 Garðabæ<br>GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com | JBH PÍPULAGNIR<br>Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði<br>GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@gmail.com |
| PípuLeggjarinn<br>Alltaf hress – Til í allt!<br>Nýlagnir - Breytingar - Viðhald - Gaslagnir<br>Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - GSM: 897 8775<br>pipuleggjarinn.is - pipuleggjarinn@pipuleggjarinn.is | PÍPULAGNIR<br>SAMÚELS & KÁRA EHF | H2O LAGNIR<br>Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ<br>GSM 662 3235 - h2olagnir@h2olagnir.is |
| SB Pípulagnir ehf<br>pípulagnaþjónusta<br>skipaþjónusta<br>Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870<br>Netfang stefanbr@simnet.is | J.Ó. Lagnir ehf<br>Smiðjuvegi 11<br>200 Kópavogi<br>GSM: 897 4300<br>jolagnir@simnet.is<br>JÓ Lagnir | Flugumýri 30 – Mosfellsbæ<br>GSM: 771 7100<br>sigurdur@kraftlagnir.is<br>KRAFTLAGNIR ehf.<br>pípulagningaverktakar |
| GSÓ<br>PÍPULAGNIR<br>Dalaland 6 - 108 Reykjavík<br>GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is | PÍPULAGNIR<br>Fagmennska – Færni - Frumkvæði<br>srr@iav.is - GSM: 660 6201 | króm og hvítt<br>Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn<br>Sími 478 2099 - GSM. 861 0291<br>kromoghvitt@simnet.is |
| Press Lagnir ehf<br>Presslagnir ehf.<br>Funafold 29 - 112 Reykjavík<br>GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is | HS pípulagnir<br>HS pípulagnir ehf.<br>Smiðjuvegur 4<br>200 Kópavogi<br>GSM 894 0088<br>hspip@hive.is | GK ÞJÓNUSTA<br>Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari<br>Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi<br>GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com |
| B. Markan ehf.<br>Pípulagnir<br>© 660 6690<br>Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is | RÖRLEGGJARINN ehf.<br>Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík<br>GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com | STOFNLAGNIR<br>PÍPULAGNAÞJÓNUSTA<br>Stofnlagnir ehf.<br>Vefarastræti 42 - 270 Mosfellsbæ<br>GSM 660 0499 - wc@islandia.is |
| AH PÍPULAGNIR<br>AH pípulagnir ehf.<br>- Suðurhrauni 12c<br>- 210 Garðabæ<br>- Sími 555 7012<br>- GSM. 822 7100<br>andres@pipulagnir.is | GG LAGNIR ehf<br>PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA<br>stofnað 1988<br>Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870<br>www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is | lagnaafl<br>Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari<br>Almannakór 6 – 203 Kópavogi<br>GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is |
| Vatn og pípur ehf.<br>Sigurður Úlfar Sigurðsson<br>pípulagningameistari<br>Skjólbraut 3a - 200 Kópavogi<br>GSM 788 0044 – vatnogpipur@gmail.com | RENNSLI ehf.<br>pípulagnir • sími 696 8054<br>Akralind 1 - 201 Kópavogur<br>GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is | Pípulagna VERKTAKAR ehf<br>Miðhrauni 18 – 210 Garðabæ<br>pv.is – pv@pv.is |
| Tröllalagnir ehf.<br>Jón Auðunn Sigurjónsson<br>pípulagningameistari<br>Auðnukór 3 – 203 Kópavogur<br>GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is | FLÆÐI Pípulagnir ehf.<br>MAGNÚS Á. MAGNÚSSON<br>PÍPULAGNINGAMEISTARI<br>Svæði<br>620 Dalvík<br>Sími: 466 1401<br>GSM: 898 5524<br>maggisvaedi@simnet.is | Gaui píp ehf<br>Skipasundi 1 - 104 Reykjavík<br>GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com |

**Lagnalist ehf.**
Skógarási 6 - 110 Reykjavík
GSM 898 0517
lagnalist@gmail.com

**PÍPULAGNIR SUÐURLANDS**
Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is
GSM 699 1985 & 823 6656

**AÐALLAGNIR**
pípulagningaþjónusta
GSM 775 5757
AÐALLAGNIR ehf.
Smiðjuvegi 58 - 200 Kópavogi
adallagnir@ adallagnir.is

**8616688**
johannesgylfi@icloud.com
Nýlagnir
Endurlagnir
Viðhald
Ástandsskönnun
Skolpmyndavél
Hitamyndavél
Stíflulosun
Jóhannes Gylfi Ólafsson
löggiltur pípulagningameistari

**Bládropi**
Njarðvíkurbraut 12 - 260 Reykjanesbæ
bladropinn@gmail@com
GSM 846 4627

**S.O.S lagnir ehf.**
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagnir.is
GSM 693 9000

**MIÐSTÖÐIN**
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

**Bubbi Pípari ehf.**
Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði
GSM 897 7946
bubbipipari@simnet.is

**HÚSA LAGNIR**
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

**Mjög lagnir ehf.**
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com
MJÖG LAGNIR

**Pípulagnir Sigurðar**
Sólvöllum 6 - 700 Egilsstöðum - siggalagnir@gmail.com
GSM: 618 4790

**E. VILJAR**
PÍPULAGNIR OG GAS
Allar almennar gas- og pípulagnir
Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki
616 9611 eviljar@eviljar.is www.eviljar.is

**Pípulagnir**
**Elvars G Kristinssonar ehf.**
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

**vatnsidnadur.net**
Gagnagrunnur – Þekking – Saga
vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

**Sb pípulagnir ehf.**
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
sigurdur.pipari@gmail.com

**Lagnabræður ehf.**
Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði
GSM 663 7200
postur@lagnabraedur.is
Lagnabræður ehf

Hyrjarhöfði 2 - 112 Reykjavík
GSM 897 4746 & GSM 896 2908
landslagnir@landslagnir.is
**Landslagnir pípulagnir**

**Fosslagnir ehf.**
PÍPULAGNIR
Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi
GSM 894 1576 – fosslagnir@hotmail.com



# Husqvarna fjölskyldan er hjá Wendel

## Ryksugur, lofthreinsibúnaður og vatnssugur frá Husqvarna



**Ryksugur S-línan, S13,S26 og S36 eru öflugar H-vottaðar eins fasa ryksugur. Þær eru útbúnar tveimur prófuðum og vottuðum HEPA H13 síum og eru með Longopac pokakerfið.**

Ryksugur T-línan eru með öflugan mótor og mikla afkastagetu og frábært síukerfi. Þær eru með Longopac pokakerfið, útbúnar tveim-þrem prófuðum og vottuðum HEPA H13 síum og forsíu sem er auðvelt að þrífa.
Ryksugur S-línan, S13,S26 og S36 eru öflugar H-vottaðar eins fasa ryksugur. Þær eru útbúnar tveimur prófuðum og vottuðum HEPA H13 síum og eru með Longopac pokakerfið.
Ryksugur T-línan eru með öflugan mótor með mikla afkastagetu og frábært síukerfi. Þær eru með Longopac pokakerfið, útbúnar tveim-þrem prófuðum og vottuðum HEPA H13 síum auk forsíu sem hægt er að þrífa auðveldlega.
Færanlegur lofthreinsibúnaður A-línan einn fullkomnasti flytjanlegi lofthreinsibúnaðurinn á markaðnum í dag til að taka fíngert ryk úr loftinu sem ryksugur ná ekki. Síukerfi og hönnun ásamt vottaðri HEPA H13 síu skilar einstaklega góðum loftgæðum.
Vatnssugur W-línan eru gríðarlega öflugar vatnssugur sem gerðar eru fyrir krefjandi verkefni. Þær eru búnar hágæða íhlutum úr ryðfríu stáli og eru með mjög öflugan mótor. W70P getur sogað til sín steypudrullu, olíur og kælivökva.

### Vottaðar ryksugur með Hepa H13 síum

HEPA-sía (High Efficiency Particulate Air Filters) er strangur staðall sem skipt er í átta mismunandi stig. Husqvarna notar H 13 síur sem hannaðar eru til að aðskilja > 99,95% af þeim ögnum sem erfiðast er að fanga. Allar HEPA síurnar frá Husqvarna eru DOP-prófaðar til að tryggja síunarstig umfram bandaríska staðalinn MIL-STD-282.
H-flokkun er alþjóðlegur staðall í þrem þrepum sem vottar tækið í heild en ekki aðeins síurnar. Vottaðar ryksugur Husqvarna uppfylla strangasta þrepið og henta því vel þegar unnið er með hættuleg efni. Einnig eru notaðir Longopac pokar svo hægt sé að skipta um ryksugupoka á lokaðan og ryklausan hátt. Athuga þarf að það eitt að hafa H-vottaða síu þýðir ekki að ryksuga eða lofthreinsitæki sé vottað og samþykkt

### Hepa 13 síur þar sem loftgæði skipta máli.

Við þróun á vörum hjá Husqvarna hefur hreint vinnuumhverfi verið lykilatriði. Verktakar bera ekki aðeins ábyrgð á sinni eigin heilsu þegar notaður er búnaður sem myndar ryk heldur einnig á heilsu þeirra sem vinna í kringum þá.
Lykillinn að góðri lofthreinsun er að tryggja að notað sé nægilega kraftmikil ryksuga eða lofthreinsitæki og að hægt sé að grípa rykið eins nálægt rykmynduninni og mögulegt er.

### Hvernig á að halda vinnustaðnum hreinum?

Ein besta leiðin til að halda ryki í skefjum er að nota vatn ef það er hægt og tengja þá vatnssugu við búnaðinn sem sogar upp vatn og drullu jafnóðum.

Við slípun á steinsteypu þar sem vatn er ekki notað er best að tengja kraftmikla ryksugu við slípivélina og fanga rykið eins fljótt og hægt er. Ryksugan þarf að vera með næga afkastagetu auk þess að vera með HEPA H13 síum. Til að draga enn frekar úr magni öndunarryks í loftinu er best að nota lofthreinsibúnað sem búinn er vottaðri HEPA H13 síu með 99,99% skilvirkni við 0,3 míkron sem skilar frábærum loftgæðum fyrir alla starfsmenn sem eru á viðkomandi á svæði.

### Öryggi

Rykagnir á byggingarsvæðum geta innihaldið fjölda mismunandi efna sem sum hver geta verið skaðleg svo sem asbesttrefjar, kristallaður kísill, mygla, sót, PCB og ákveðnar örverur. Ryk frá slípun á steinsteypu getur innihaldið kristallaðan kísil sem getur verið hættulegur þegar mjög litlar agnir fara í lungun og valda alvarlegum skaða. Agnirnar eru ósýnilegar berum augum en sveima í loftinu tímunum saman. Gríðarlega mikilvægt er að nota ávallt öflugan búnað sem kemur í veg fyrir að agnirnar berist í loftið.
Notkun á vottuðum hágæða ryksugum og lofthreinisbúnaði sem getur fangað jafnvel minnstu kísilagnir er besta leiðin til að meðhöndla ryk.

***Það er hægt að sjá nánari upplýsingar um ryksugur og lofthreinsitæki frá Husqvarna á vefnum okkar, www.wendel.is.***

***Starfsfólk A.Wendel ehf, Tangarhöfða 1, er líka alltaf með heitt kaffi á könnunni og til í pjall.***

***Verið velkomin.***










Borgarplast sérsmíðar lausnir allt eftir þörfum viðskiptavina.





# Borgarplast fjárfestir í vél til endurvinnslu á plasti





*Til hægri: Nýja endurvinnsluvélin sem malar afskurðarplast og afganga til endurvinnslu. Minni myndin sýnir ker með plastafskurð tilbúinn til mölunar.*



*Á myndinni til vinstri er Kristján Benediktsson, sölustjóri Borgarplasts, kampakátur með nýju endurvinnsluvélina.*

**Umræðan um plastmengun hefur verið hávær undanfarin ár og hafa forráðamenn og starfsfólk Borgarplasts aldeilis ekki farið varhluta af því.**

„Við erum ítrekað spurð af vinum og ættingjum hvort okkar bransi sé ekki mengandi og þá erum við einnig spurð að því hvernig sé að vinna hjá fyrirtæki í plastiðnaði. Við viljum með þessari kynningu aðeins ítreka þau svör sem við gefum við þessum spurningum,“ segir Kristján Benediktsson, sölustjóri Borgarplasts í spjalli og heldur áfram: „Snemma á s.l. ári tókum við í notkun vél sem malar niður allan afskurð sem fellur til við framleiðsluna hjá okkur. Vélin malar efnið niður í duft sem við notum síðan til að framleiða vörurnar okkar. Undanfarið höfum við notað endurunna efnið í hinar ýmsu vörur með mjög góðum árangri. Við höfum til dæmis notað afskurð af heitum pottum til að steypa fiskiker sem við höfum selt sem kalda potta, segir Kristján.

„Það sem við fáum út úr þessu er að við þurfum að flytja inn minna magn af hráefni og þannig dregið úr innflutningi plasts. Við höfum líka dregið verulega úr úrgangi frá verksmiðjunni okkar og förgun á afgangs plastefni. Með þessum hætti framleiðum við umhverfisvænni vörur,“ segir Kristján að lokum og hvetur hann jafnframt viðskiptavini til að kíkja inn á **borgarplast.is** og kynna sér frábært vöruúrval Borgarplasts nánar.






# BYKO & Bosch komu færandi hendi til Borgarholtsskóla

**BYKO sýndi sannarlega mikinn rausnarskap þegar þeir Róbert og Árni mættu í Borgarholtsskóla hlaðnir BOSCH tækjum og tólum til notkunar við kennslu í pípulagningadeild skólans.**
**Hér er að neðan er listi yfir BOSCH tækin sem þeir félagar færðu skólanum:**

**Borvél 18v – 90:** Fyrirferðalítil og kraftmikil vél. Bluetooth tenging við Bosch app.
**Högglykill:18v-200:** Kraftmikill 200nm hersluvél með ½" enda og tekur 1/4" bita á sama tíma. Bluetooth tenging við Bosch app
**Sverðsög:** Öflug 18v sverðsög sem auðvelt er að skipta um blað í.EMP mótorvörn sem verndar tæki gegn því að ofhitna.
**Slípirokkur 18v-10:** 125mm slípirokkur með bakslags vörn og fallvörn. Tækið er með góðri bremsu sem eykur líftíma á rafhlöðu. Bluetooth tenging við Bosch app.
**Multisög 18v – 28:** Fjölnotasög sem auðvelt er að skipta um blað. Þökk sé Starlock festingu.
**Höggborvél 18v-26:** Mjog öflug SDS borvél með bakslagsvörn, vélin er einnig með EPC kerfi Sem gerir notandum auðveldara að bora við erfiðar aðstæður.




**Flott handtak: Talið f.v.: Róbert Hnífsdal Halldórsson, sölustjóri BOSCH á Íslandi, Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóri Pípulagningadeild Borgarholtsskóla, Árni B. Kvaran, framkvæmdastjóri Lagnadeildar BYKO og Ársæll Guðmundson, skólameistari Borgarholtsskóla.**

Bluetooth tenging við Bosch app.
**Ljóskastari:** 18v LED 10.000 lumen ljós. Bluetooth tenging Bosch app
**Hleðslutæki og PRO CORE rafhlöður – Nýjusta rafhlöðutækni.**
Pro Core rafhlöður eru léttari og endingameiri er eldri gerðir af Bosch rafhlöðum. Líklega einhverjar bestu rafhlöður á markaðinum.

## ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IÐAN fræðslusetur

# Útþornun steyptra gólfa

## Staðnám (fjarnám í boði)

**Húsasmiðir, múrarar, dúklagningamenn** – Þetta námskeið er fyrir dúklagningamenn, múrara og trésmiði sem leggja efni á gólf. Markmið þess er að þátttakendur viti hvenær óhætt er að leggja á ný gólf. Farið í útþornun steyptra gólfa, bæði milliplatna og botnplatna á fyllingu. Hvaða þættir hafa áhrif á útþornun, bæði hlutefni steypunnar og þau ytri skilyrði sem hafa áhrif á steypuna á útþornunartímanum. Farið verður í uppbyggingu steypu í mjög stuttu máli þar sem lögð er áhersla á þá þætti sem hafa áhrif á rakabúskap steypunnar. Farið er í helstu aðferðir við mælingar á raka í steypu, kosti þeirra og galla.

**Miðvikudagur 4. Október 2023 Kl. 09:00-19:00. Lengd 3 klst.**

**Kennari: Guðni Jónsson, byggingaverkfræðingur.**

**Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, idan.is.**









# Vatnsvirkinn hefur nú tekið við Sprinklerlagnakeflinu

*Framhald greinar af forsíðu...*

þeim Hjalta og Guðna, eigendum Vatnsvirkjans, erum staddir á tröppunum fyrir utan hjá Vatnsvirkjanum á Skemmuvegi 48 í Kópavogi. Fréttapíp er mætt á staðinn til að taka myndir og fá smáspjall í tilefni þess að Egill Ásgrímsson hefur selt Sprinklerhluta fyrirtækis síns til Vatnsvirkjans ehf., sem er í eigu þeirra Guðna Vilbergs Baldurssonar, framkvæmdastjóra og Hjalta Más Bjarnasonar, fjármálastjóra.

„Það var svo árið 1994 sem ég stofnaði fyrirtækið Sprinkerpípulagnir ehf. formlega. Það var fyrsta sérhæfða fyrirtækið í Sprinklerlögnum á Íslandi. Það eru því orðin 29 ár undir merkjum Sprinklerpípulagna, en 39 ár síðan ég hófst handa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar,“ segir Egill.

Og hann heldur áfram: „Fyrirtækið hefur alla tíð verið leiðandi í innflutningi á vörum til Sprinklerkerfa og má þar helst nefna vörur frá þekktum viðurkenndum framleiðendum í sprinklerkerfum, eins og Viking og dælur frá Sterling, auk fjölda annarra fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu á Sprinkler vörum, svo sem tengibúnaði, fittings og festingum.“

Nú hefur Egill Ásgrímsson eigandi Sprinklerpípulagna ehf. ákveðið að láta gott heita, afhenda Vatnsvirkjanum Sprinklerkeflið, sem mun taka við rekstrinum á vörum til viðskiptavina, eins og hann segir. Egill mun tímabundið starfa sem ráðgjafi með Vatnsvirkjanum svo að skiptin gangi sem best fyrir sig og mega því ánægðir viðskiptavinir eiga von á því að sjá hann áfram eitthvað á næstunni.

„Ég er afskaplega ánægður neð þessa ráðstöfun á Sprinklerhluta fyrirtækisins og veit að Sprinklerinn er í góðum höndum hjá þeim Guðna og Hjalta og ég óska þeim góðs gengis í framtíðinni,“ segir Egill Ásgrímsson að lokum.

Aðspurðir segjast þeir Guðni og Hjalti vera stoltir af því að taka við keflinu af Agli Ásgrímssytni og eru fullir tilhlökkunar að taka til hendinni á nýjum og sérhæfðum vettvangi Sprinklerlagna í lagnaiðnaðinum.









# Íslandsmót Iðn- og verkgreina og Euro-skills 2023 – Glæsilegir keppendur í pípulögnum

**Íslandsmót Iðn- og verkgreina var haldið 16.-18. mars í Laugardalshöllinni. Þar var að venju keppt í pípulögnum, enda Félag pípulagningameistara í forystu í að koma nemakeppninni á laggirnar á Íslandi. Alls kepptu fjórir: Davíð Sigurðsson, Ezekiel Jakob Hansen, Kristján Örn Þorvarðarson og Þór Einarsson.**
**Það var síðan Ezekiel Jakob Hansen, sem stóð í lokin uppi sem Íslandsmeistari í Pípulögnum 2023. Meistari Ezekiels er Rúnar Helgason sem á og rekur Lagnaþjónustu Suðurnesja.**
**Euroskills 2023 verður haldið í Gdansk í Póllandi í september í haust. Þar verður keppandi fyrir okkar hönd Kristófer Kárason.**
**Gunnar Ásgeir Sigurjónsson, pípulagningameistari og kennari við pípudeild Tækniskólans hefur tekið að sér þjálfun Kristófers. Gunnar Ásgeir mun einnig fara utan til Gdansk og vinna við keppnina sem dómari.**







***Meistarar í FP hafa alltaf lagt metnað í góða umgjörð keppninnar, m.a. gefið út vandaðan kynningarbækling um keppendur, sem dreift er á meðal þeirra þúsunda sem sækja viðburðinn. Hér t.v. má sjá Böðvar Inga, formann FP, leggja sitt að mörkum við að dreifa nemabæklingnum.***









***T.v.: Helgi Páls kíkti svo sannarlega við...!***














# Stjórn Félags pípulagningameistara 2023-2024




**Stjórn FP er þannig skipuð 2023-2024: Árni Gunnar Ingþórsson, varamaður í stjórn, Magnús Björn Bragason, varaformaður, Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður, Kári Samúelsson, gjaldkeri, Ársæll Páll Óskarsson, ritari og Sigurður Reynir Helgason, stjórnarmaður.**

## Starfsárið 2022-2023:

# Formaður Félagsins stiklar á stóru

Mál sem voru reifuð á aðalfundi 15. apríl 2023 – Stiklað á stóru! Aðalfundur FP var haldinn á Hótel B59 í Borgarnesi. Kærumáli. Búið er að kæra 3 fyrirtæki til lögreglu sem starfa án meistara í forsvari við pípulagnir í atvinnuskyni. Sögu- og minjanefnd vill koma á skýru verklagi hvernig geyma eigi muni félagsins. Hugmynd um að gefa út bók um sögu FP í 100 ár. Málið verður tekið fyrir með Sögu- og minjanefnd og stofnuð verður ritnefnd til að halda utan um verkefnið. Talað um mikilvægi þess að félagsmenn geri verksamning við verkkaupa til að tryggja sig gagnvart óþarfa leiðindum. Rædd voru myglumál og hver réttarstaða pípulagningameistara væri gagnvart myglu í húsnæði sem reynt væri að tengja við frágang píparans. Mikið er um handvömm og margir hafa lítinn skilning á eðlisfræði fagsins í mörgum verkum. Nemamál voru rædd og voru flestir félagsmenn sem mættu á aðalfundinn með nema á námssamning og samhliða því voru skólamálin rædd. Nemar komast ekki á námssamning nema vera skráðir í verkmenntaskóla. Félagsmenn hvattir til að skrá fyrirtæki sín á vef Menntamálaráðuneytisins til að hægt sé að finna þau þegar skrá þarf nema á námssamning hjá viðkomandi meistara. Klúbbur 44 var til umræðu þar sem Ríkisskattstjóri hefur tekið ákvörðun um að krefjast skipta á félaginu og er félaginu óheimilt að ráðstafa eignum og réttindum sínum eða stofna til skuldbindinga á hendur sér. Á s.l stjórnarári gengu 9 manns inn í FP. Tveir félagsmenn féllu frá á fráfarandi stjórnarári og einn frá stjórnarárinu þar áður. Guðlaugur Ragnar Níelsson 91 ára. Þórður Kárason 35 ára og Anton Sigurðsson (Toni píp) 68 ára. Félagsmenn risu úr sætum og minntust þeirra með þögn. Félagsmenn eru hvattir til að upplýsa stjórn um andlát heldri félagsmanna og senda upp í félag upplýsingar varðandi breytingar á heimilisföngum. Póstur að koma upp í félag sem ekki skilar sér til félaga. Þessi fyrirtæki styrktu árshátíð FP með myndarlegum hætti: Byko, Tengi og Vatn & Veitur. Hvetjum félagsmenn FP að þakka umræddum birgjum fyrir þeirra framlag til okkar.

Stjórn FP er að vinna í flestum þessara mála sem reifuð hafa verið ásamt því að koma á fundi með félagsmönnum FP og Veitum. Nánar auglýst síðar. Einnig eru fjöldi mála í pípunum hjá stjórn FP.

FP mun taka þátt í EuroSkills 2023 og mun Kristófer Kárason fara fyrir okkar hönd og keppa í píplögnum í Póllandi 5.-9. september 2023. Gunnar Ásgeir Sigurjónsson tekur að sér að þjálfa og halda utan um verkefnið fyrir hönd FP.

*F.h. stjórnar Mbk.*
**Böðvar Ingi Guðbjartsson,** ***Formaður Félags pípulagningameistara***




Fagkeppni veitumanna.


Bás Set með dælum.

# Set með sterka aðkomu á Fagþingi Samorku í maí

Fagþing Samorku var haldið á Selfossi dagana 3. til 5. maí 2023. Í bænum sem fóstrað hefur eina röraframleiðanda landsins í áratugi, Árborg eða öllu heldur Rjómaborg eins og bærinn ætti að heita þar sem megin hluti mjólkurvinnslu landsins hefur farið fram síðan árið 1929.

Að sögn Bergsteins Einarssonar framkvæmdastjóra Set var hér um kærkomið tækifæri að ræða að taka á móti fjölmörgum einstaklingum frá helstu viðskiptavinum Set á heimaslóðum. „Fagþingið náði yfir hita- vatns- og fráveitusvið, en framleiðsluvörur okkar voru í forgrunni um leið og við kynntum ýmsar áhugaverðar vörur og nýjungar frá samstarfsaðilum Set. Þetta tókst allt afar vel og samvinnan við Samorku, Selfossveitur og fleiri aðila við undirbúning og skipulag þessa daga“ sagði Bergsteinn.

Áður en þingið hófst var haldinn fagkeppni starfsmanna veitnanna á svæðinu framan við Hótel Selfoss. Keppnin heppnaðist afar vel en keppt var í ýmsum lagnaverkefnum og þrautum. Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður, stjórnaði keppninni af mikilli festu. Set lagði til mikinn hluta röra og annars efnis í keppnina. Að henni lokinni var efnt til fagnaðar í Risinu í Mjólkubúsbyggingunni í nýja miðbænum. Þar lék trúbadorinn og brekkusöngvarinn Magnús Kjartan Eyjólfsson, Stuðlabandsmaður.

Set hafði nokkuð stórt svæði til umráða inn á sjálfri ráðstefnunni, var með tvo sýningarbása og vörur til sýnis á útisvæði. Alls sóttu ellefu gestir fyrirtækið heim og fluttu erindi um vörur og tæknileg viðfangsefni. Svissneska fyrirtækið FIPE AG kynnti þrýsti tengi fyrir stápípur sem koma í stað hefðbundinnar stálsuðu, pólski framleiðandinn RATMON sp. z o.o. var með kynningu um lekaviðvörunarkerfi í einangraðar hitaveitulagnir. Finnska fyrirtækið Vexve Oy hefur í áratugi verið dyggur samstarfsaðili Set í framleiðslu á hitaveitu lokum. AVK Danmark A/S, á lokum, brunahönum og tengi efni fyrir vatnsveitur hefur í 25 ár verið samstarfsaðil Set. Nordisk Wavin A/S hafa unnið með Set í fráveitu málum með hinu vinsæla X-Stream rörakerfi. Loks sýndu og kynntu tveir dælu framleiðendur vörur sínar; en það voru Pantair Jung Pumpen og Gorman-Rupp Pumps Europe.

Síðari hluta fimmtudags 4. maí var þáttakendum boðið í kynnisferð á vegum Selfosveitna og Set þar sem fyrirtækin skiptu með sér leiðsögn um svæðið í tveimur rútum. Skoðuð var borhola og dælustöð Selfossveitna, ný íbúðahverfi og byggingar og endað á Herminjasafni Einars Elíassonar stofnanda Set. Hátíðarsamkoma var í Hótel Selfoss um kvöldið þar sem Stuðlabandið lék fyrir dansi. Ráðstefnunni lauk svo um hádegi á föstudag.


Þau sáu um undirbúningin fyrir hönd Samorku. F.v.: Almar Barja, Lovísa Árnadóttir og Baldur Dýrförð.


T.v. Thomas Mortensen, lengst t.h. Flemming Dohn frá Nordisk Wavin.


Brugðið áa leik í kastþrautum í fagkeppninni.

## Það þarf líka að vera gaman á svona Fagþingi...


Samkoma og verðlaunaafhending í Risi Mjólkurbúsins eftir vel heppnaða lagnakeppni.


Magnús Kjartan sló á létta strengi.


Sigurður Þór Haraldsson veitustjóri Selfossveitna og Jakob Guðnason í Set sáu um leiðsögn í vísindaferð.


Peter Buskop sölustjóri, Gorman Rupp Europe við heitavatnsholu Selfossveitna.




**Félag pípulagningameistara:**

## Samstaða – Hagsmunir – Sýnileiki

Þetta eru kjörorð félagsins; afrakstur stefnumótunar FP árið 2021 og við skulum sem félag vera duglegir að sýna samstöðu á meðal okkar, gæta sameiginlegra hagsmuna okkar. Vera sýnileigir í samfélaginu með því að auglýsa mikilvægi þess að versla við okkar félagsmenn.
Sameiginlega skulum við hvetja kollega okkar sem eru fyrir utan FP að ganga til liðs við okkur – gerum það sameiginlega.

**Það mun enginn berjast fyrir okkar hagsmunun nema við sjálfir.**

IÐAN fræðslusetur

**ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ**

## Raki og mygla í húsum 2

**Staðnám (fjarnám í boði)**

**Byggingarmenn** – Framhaldsnámskeið um raka og myglu í húsum. Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum I. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. Farið yfir aðferðir við mat á myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Kynntar verða lauslega niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað um enduruppbyggingu, verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum, bent á atriði varðandi notkun byggingarefna.
**Fimmtudagur 28. september 2023 Kl. 13:00-19:00. L: 6 klst.**
**Kennarar: Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur og Benjamín Ingi Böðvarsson, byggingat.fr. og húsasmiður.**
**Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, idan.is.**

## Frágangur rakavarnarlaga

**Staðnám (fjarnám í boði)**

**Byggingarmenn** – Þetta námskeið er fyrir þá sem vinna við frágang byggingarhluta sem mynda ytra byrði húsa. Markmið þess er að fræða þátttakendur um hlutverk og frágang rakavarnarlaga og mikilvægi þess að rétt sé frá þeim gengið. Fjallað er um eiginleika og gerðir rakavarn-arlaga, límbönd, þéttiefni og frágang þeirra. Farið er í gegnum deililausnir í mismunandi gerðum bygginga og byggingarhluta.

**Þriðjudagur 19. september 2023 Kl. 13:00-18:00. Lengd 5 klst.**
**Kennari: Jón Sigurjónsson, byggingaverkfræðingur.**
**Staðsetning:**
**IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, idan.is.**

## Frágangur raka-, vind- & vatnsvarnarlaga með SIGA efnum – Staðnám

**Byggingamenn** – Þetta er námskeið fyrir byggingamenn sem vilja kynna sér nýungar í þéttiefnum. Markmið er að þátttakendur kynnist nýjustu efnum og aðferðum við notkun þéttiefna. Fjallað um efni, verkfæri og áhöld. Þátttakendur fá að prófa þéttiefnin.

**Föstudagur 29. sept. 2023 Kl. 13:00-19:00. Lengd 6 klst.**
**Kennari: Agnar Snædahl, bygg.verkfr. & húsasm.meist.**
**Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, idan.is.**


# ALLT TIL GATNAGERÐAR


Garðbekkir

Spindilhús



Niðurföll

Brunnlok



Hitaveitulok

**Allar nánari upplýsingar og pantanir á vörum Járnsteypunnar, símar:**
**420 0300 & 660 0150**

**JÁRNSTEYPAN ehf.**
**Iðavellir 7b -**
**230 Reykjanesbæ**



BLÅKLÄDER
WORKWEAR
www.sindri.is
SINDRI




TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN
MEÐ SÉREIGNARSPARNAÐI
Kynntu þér málið á birta.is
BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR
Sundagörðum 2 I 104 Reykjavík I 480 7000 I birta.is




HÁGÆÐA IÐNAÐARRYKSUGUR,
LOFTHREINSIBÚNAÐUR og VATNSSUGUR
Husqvarna
Wendel
Stofnað 1957
Tangarhöfða 1
110 Reykjavík
S: 551 5464
wendel.is
Umboðsaðili fyrir Husqvarna slípivélar, iðnaðarryksugur, vatnssugur, lofthreinsibúnað og slípiverkfæri á Íslandi.




HVER SEM
HUGMYNDIN
ER, ÞÁ GERUM
VIÐ ÞETTA SAMAN
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN